

Föstudaginn 30. maí 1924.

Nr. 6/1924.

**Helgi Benediktsson**  
 gegn  
**Helga I. Bachmann.**

### Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 20. júní 1924.

Nr. 13/1924.

**Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)  
 gegn

**Sigurði Sigurðssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Brot á lögum nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Dómur lögreglurjettar Bardostrandarsýslu 30. okt. 1923: Sigurður Sigurðsson skipstjóri á botnvörpungnum „Geir“ R.E. 241 f. h. fiskihlutafjeldagsins Geir, Reykjavík, sýknast fyrir broti á 1. gr. laga nr. 5. <sup>18</sup>/<sub>5</sub> 1920, en ídæmist fyrir brot á 2. gr. sömu laga í 10,000,00 — tíu þúsund — króna sekt til landhelgissjóðs Íslands.

Svo greiði hann og í kostnað af málssókn þessari 182,00 krónur.

Afli og veiðarfæri skulu ekki upptæk.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

### Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með játningu kærða og öðrum skýrslum, þar á meðal skýrslu skipstjórans á eftirlitsskipinu »Islands Falk«, dags. 29. Okt. f. á., að

kærði hafi með skipi sínu, botnvörpunum »Geir-R.E. 241, verið staddur innan landhelgi á Arnarfirði að kveldi 28. s. m. og eigi haft veiðarfæri sín í búlka innanborðs, heldur hafi varpan bakborðsmegin legið á öldustokknum og hangið út fyrir hann og báðir hlerarnir þeim megin einnig hangið utanborðs, annar jafnvel í sjó um tíma, en hinn í gálganum. Hefir kærði því gerst brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 5/1920 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, eftir öllum atvikum hæfilega metin samkvæmt 3. gr. nefndra laga 4000 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð.

Svo ber kærða og að greiða allan kostnað málsins, bæði í hjerði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 80 kr. til hvors.

Það er aðfinningarvert, að hjeráðsdómariinn hefir látið ýms vitnanna staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti, án þess það sjáist, að lögmælt skilyrði fyrir slíkri staðfestingu hafi verið fyrir hendi, að kærði er dæmur til refsingar »f. h.« fiskifjélags þess, er átti skipið, og loks dæmdur í málskostnað með tiltekinni upphæð.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Sigurður Sigurðsson, greiði 4000 króna sekt í Landhelgissjóð. Svo greiði hann og allan sakarkostnað bæði í hjerði og hæstarjetti, þar með talin sóknar- og varnarlaun til hæstarjettarmálaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu hins opinbera höfðað gegn Sigurði Sigurðssyni skipstjóra á fiskiveiðaskipinu „Geir“ frá Reykjavík f. h. fiskihlutafelagsins Geir, Reykjavík, fyrir meint brot á landhelgislögunum frá 18/5 1920 1. og 2. gr. og eru tildrög málsins, að því er næst verður komist þessi:

Mál þetta er tekið til rannsóknar eftir kröfu yfirmannsins á varðskipinu „Islands Falk“ dagsettri 29. þ. m., er hitti nefndan Geir R.E. 241 innan landhelgislinunnar á Arnarfirðinum aðfaranótt þess 29. eða síðast um kvöldið þann 28., og er nefnt skip var rannsakað með ljóskastaranum, kom í ljós að dráttarnótin á bakborðshlið lá á öldustokknum, sem og hlerar í gálgu, og engum vafa undirorpið, að skipið var statt innan landhelgislinunnar, og að því er virtist með veiðarfærin tilbúin að hefja þarna veiðar. Nánari rannsókn gat ekki farið fram með ljóskastaranum, með því að hann bilaði eftir rúma mínútu, en bátur frá varðskipinu kom fyrst að togaranum nokkru síðar, reyndist þá við athugun allur pokinn hangandi utanborðs, og nokkur hluti netsins innan á og utan öldustokksins, en fiskur reyndist ekki svo teljandi sje, hvorki í netinu eða vörpunni sjálfri eða á þilfarinu. Ennfremur er það upplýst, að skipið hafði ekki uppi ljós á framsigli, svo sem fyrirskipað er, en logandi hliðarljós, og aftur á. Það verður að teljast sannað með samhljóða framburði skipstjóra og stýrimanns, að er varðskipsins varð vart, hafi verið gerð tilraun til þess að ná trollinu inn, og hefir stýrimaðurinn meðal annars haft um það svofeld orð: „Þegar vitnið sá varðskipið, gjörði það ráðstöfun til þess, að vjelin yrði sett aftur í hreyfingu, og var þá gefin skipun um, að keyra aftur á nokkra snúninga, sem aðallega var gjört í þeim tilgangi að varna þess að Fálkinn yrði þess var, að trollið væri úti, og gjörði hann þá ráðstafanir til þess, að trollið yrði dregið inn“. Þessi skýrsla ásamt framburði þeirra manna af varðskipinu, er athuguðu ástand skipsins með ljóskastaranum, virðist benda til þess, að allmikill meiri hluti botnvörpunnar, hafi þegar verið kominn í sjó, og veiðin þá þegar átt að byrja þarna, ef ekki hafin, en tilviljun ein hindrað

það, en allur undirbúningur hafinn, en þrátt fyrir þetta ástand veiðarfæranna, og sjerstaklega með tilliti til þess, að enginn fiskur fyrirfanst á þilfarinu, þykir ekki næg sönnun fengin fyrir því, að brot sje hjer framíð samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 <sup>18</sup>/<sub>6</sub> 1920, og verður því eins og ástendur að sýkna stefndu fyrir brot á þeirri grein. Hinsvegar, þar sem hjer virðist að ræða um sjerstaklega gróft hirðuleysi að því er veiðarfærin snertir, og með hliðsjón af því, að brot í slíkum tilfellum ekki er útilokað, og deildar geta verið skoðanir um, hvað felst í ákvæðum 1. gr. nefndra laga, fiskiveiðar með botnvörpum „hvort ekki tilraunin ein“, getur heyrt þar undir, án þess fiskur hafi fengist, og þar sem löggjafinn lætur hæstu sekt fyrir brot á 2. gr. nefndra laga, svara til lægsta brots samkvæmt 1. gr., virðist ekki einasta átt við, að hæstu sekt sje beitt, ef um ítrekað brot sje að ræða, þar sem nefnd grein við ítrekun brotsins ákveður um, að afli og veiðarfæri skuli þá einnig upptæk, heldur og einnig, ef ekki full sönnun sje færð fyrir broti á 1. gr. en hinsvegar allmiklar líkur, þykir því rjett, þrátt fyrir þótt hjer sje að ræða um brot framkvæmt í fyrsta sinn, að ákveða sektina fyrir brot á 2. gr. nefndra laga frá 1920 í þessu tilfelli 10,000,00 — tíu þúsund — krónur, en afli og veiðarfæri skulu ekki gjörð upptæk. Þá ber og að íðema stefndan í kostnað af málssókn þessari 182,00 krónur.

---

Mánudaginn 23. júní 1924.

Nr. 16/1824. **Kristján Kristjánsson** (Jón Ásbjörnsson)  
 gegn

**Hannesi B. Stephensen f. h. eigenda m/b. Víkings**

og

**sýslumanni Einari M. Jónassyni**  
 (Lárus Fjeldsted).

Útaf vangoldnu hásetakaupi áfrýjanda. Ómerkingardómur.

Dómur sjóðóms Barðastrandarsýslu 1. nóv. 1923: Máli þessu visast frá sjórjettinum. Málekostnaður greiðst af aðiljum að hálfu samkvæmt reikning.